

# Sveinbjörn á strengjasveitamóti

8. október 2010

Sveinbjörn fór til Akureyrar með Jóhönnu Maríu í 4. AG og með fóru þær Aníta og Helga úr 6.bekk með. Við lögðum af stað á föstudeginum 8. október klukkan 11:30 frá Tónlistaskóla Garðabæjar.

Ferðin til Akureyrar tók fimm og hálfan tíma. Við fórum í rútu. Á leiðinni var horft á mynd ég man ekki hvað myndin heitir. Við stoppuðum hjá Grábrók og löbбуðum upp á hana



og hringinn.

Svo var haldið áfram og Sveinbirni leið vel í rúttunni. Í Staðarskála var stoppað og þar var borðaður hádegismatur. Ferðin til Akureyrar gekk vel. Við gistum í Brekkuskóla. Þegar við vorum búin að koma okkur fyrir fengum við kvöldmat. Í kvöldmat fengum við pylsur. Næst var strengjasveitaræfing. Sveinbjörn hlustaði á æfinguna. Stjórnandi sveitarinnar var Ásdís. Æfingin gekk vel. Eftir æfingu var farið að sofa. Alla dreymdi vel.



9. október

Við vöknudum á milli 7 og 8 og fórum svo í morgunmat. Eftir morgunmat var æfing. Sveinbjörn kom með á æfingu. Að lokinni æfingu var hádegismatur. Í hádegismat var píta. Eftir mat var farið í sund. En þar sem Sveinbjörn má ekki blotna þá beið hann í Brekkuskóla. Aftur var æfing eftir sundið. Eftir æfingu var kaffi og frjáls tími. Næst löbбуðum við niður í bæ og skoðuðum okkur um. Við fegnum Brynjuís og löbбуðum svo aftur í Brekkuskóla. Eftir frjálsan tíma var æfing og svo var kvöldmatur. Það var haldið diskótek um kvöldið og það var skemmtilegt.

10. október

Við vöknudum á milli 7 og 8 og fórum í morgunmat. Eftir morgunmat var æfing svo löbбуðu allir niður í Hof en það er tónleikahúsið á Akureyri. Við borðuðum hádegismat í Hofi og svo var spilað þar á tónleikum. Það gekk vel að spila. Svo var lagt af stað heim í Garðabæ. Heimferðin gekk vel. Það var stoppað í Staðarskála og þar fengum við hamburgara og gos. Öllum leið vel á Akureyri.



Jóhanna María Bjarnadóttir, 4. AG